

Fundur í fagráði nautgriparæktar 26. maí 2015

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Elsa Albertsdóttir, Sveinbjörn Eyjólfsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Sigurður Loftsson, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Þórarinn Leifsson, Þóroddur Sveinsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Baldur Helgi Benjamínsson og Björn S. Gunnarsson boðaði forföll. Fulltrúi frá Matvælastofnun mætti ekki en Sigrún Bjarnadóttir er í fæðingarorlofi.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat
3. Flátta
4. Innflutningur á holdanautaerfðaefni
5. Kyngreining á sæði
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 24. apríl 2015, samþykkt án athugasemda.

2. Nýtt kynbótamat.

Sveinbjörn byrjaði á að fara yfir sæðisbirgðir úr reyndum nautum í dreifingu og notkun á þeim síðustu mánuði. Sveinbjörn vék síðan af fundi.

Guðmundur lagði fram helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem keyrt var núna í maí. Í yfirlitinu var að finna nýtt kynbótamat reyndra nauta í dreifingu sem og kynbótamat nauta fæddra 2008 og 2009. Guðmundur greindi frá því að kynbótamatið hefði verið fært niður að segja mætti, þ.e. núna væri viðmiðunarárgangurinn 2010 en var árg. 2005 áður. Þetta þýðir nokkra lækkun á matinu að meðaltali. Hann sagði jafnframt að líklega væri rétt að gera þetta á hverju ári þannig að breytingin kæmi jafnt og þétt en ekki í stökkum. Fagráðsmenn tóku undir það.

Helstu niðurstöður matsins eru þær að öll reyndu nautin í dreifingu standast fyrri dóm með örlitlum undantekningum, bæði til hækkunar og lækkunar. Stærstu breytingarnar eru þær að Kraki 09002 lækkar heldur en Keipur 07054 bætir í. Varðandi nautaárganga 2008 og 2009 er nokkuð ljóst að ekki er meira að sækja í 2008 árganginn og fyrri hluti 2009 árgangsins er til jafnaðar undir meðallagi. Í seinni hluta árgangsins er þó að finna vonarneista en þeir eru ekki komnir með afurðaupplýsingar nægjanlegs fjölda dætra til þess að hægt sé að setja þá í notkun. Þar gjöldum við enn fyrir háan meðalaldur við 1. burð í stofninum.

Ákveðið að eftirtalin naut verði áfram í dreifingu: Logi 06019, Rjómi 07017, Toppur 07046, Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Góí 08037, Bambi 08049, Kraki 09002 og Bolti 09021.

Ákveðið að setja eftirtalin naut í notkun: Gustur 09003, Foss 09042 og Gæi 09047.

Nautsfeður næstu mánuði verði Keipur 07054, Flekkur 08029, Bambi 08049 og Gustur 09003.

Ákveðið að lækka viðmiðun í heildareinkunn fyrir nautsmæður í 106.

Þóroddur yfirgef fundinn að loknum þessum lið vegna annarra anna.

3. Fláttu.

Guðmundur sagði frá því að við kúaskoðun í vor hefði komið fram kýr með fláttu sem væri skráð undan Birtingi 05043. Hann greindi jafnframt frá því að búið væri að taka úr henni DNA-sýni til staðfestingar á faðerni en niðurstöður væru ekki komnar enn. Ef rétt reyndist væri þetta mikið áfall og í raun brýnt að reyna að greina erfðavísinn. Það jákvæða í því væri að ef Birtingur væri arfblendinn fyrir fláttu mætti reikna með að 50% afkvæma hans væri það líka og líkurnar á að finna erfðavísinn væru því mun meiri en fyrr. Að öðru leyti væri hins vegar ekkert jákvætt við þetta heldur þvert á móti.

Töluverð umræða um viðbrögð við því ef Birtingur reynist hafa verið arfblendinn fyrir fláttu og áhersla lögð á alvarleika málsins. Engar ákvarðanir teknar enda rétt að bíða niðurstöðu arfgerðargreiningar á því að faðerni viðkomandi grips hafi verið rétt skráð.

4. Innflutningur á holdanautaerfðaeefni.

Guðný rakti aðeins þær umsagnir sem hafa borist við frumvarp til laga um breytingar á lögum um innflutning dýra vegna mögulegs innflutnings á erfðaeefni holdanautagripa. Í kjölfarið fór fram allitarleg umræða um málið og meðal annars rætt hvor leiðin væri vænlegri að flytja inn sæði eða fósturvísa. Einnig rætt hvort betra væri að flytja inn erfðaeefni á eitt bú sem framleiða myndi naut til notkunar í holdanautastofninum eða á mörg bú til beinnar notkunar í kjötframleiðslu.

Eftirfarandi bókun um málið var samþykkt:

„Fagråd í nautgriparækt lýsir enn og aftur áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og m.a. er lýst í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi frá árinu 2013.

Fagráðið ítrekar nauðsyn þess að flytja inn nýtt erfðaeefni í holdanautastofninn sem fyrst. Það er forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbærri ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu. Í íslenskri nautgriparækt er unnið með lítinn og einangraðan erfðahóp sem gerir kynbótastarfið ákaflega krefjandi og takmarkar mjög möguleika til kynbóta á kjötframleiðslueiginleikum. Fagråd leggur áherslu á að gætt sé varúðar hvað smitvarnir varðar við innflutning á nýju erfðaeefni í holdanautastofnana. Gerðar hafa verið áhættumatsgreiningar vegna innflutningsins sem tiltaka að áhætta af innflutningi sé hverfandi lítil. Jafnframt kemur fram í fyrrnefndri skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslunnar, að beinn sæðis- eða fósturvísainnflutningur sé eina leiðin sem greinin geti sjálf staðið straum af og verði farnar aðrar leiðir með strangari einangrun verði innflutningurinn ekki fær án verulegs samfélagslegs stuðnings.

Að mati fagráðs er beinn sæðis- eða fósturvísainnflutningur skilvirkasta leiðin að því markmiði að íslenskir nautakjötsframleiðendur verði þátttakendur í sjálfbæru ræktunarstarfi og hafi aðgang að reyndum og afkvæmaprófuðum nautum til kynbóta. Því mælir fagráð í nautgriparækt með því að innflutningur á erfðaeefni til nota í ræktunarstarfi holdanautastofnsins í landinu verði gerður heimill svo fljótt sem verða má, að því gefnu að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir sem lágmarka sjúkdómahættu nautgripa á Íslandi, en þó þannig að kröfur verði með þeim hætti að jafnræðis verði gætt og hamli ekki notkun hins innflutta erfðaefnis umfram það sem sanngjarnt getur talist m. t. t. sjúkdómavarna."

Gunnfríður yfirgaf fundinn að loknum þessum lið vegna annarra anna.

5. Kyngreining á sæði.

Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir nautastöðvarinnar, mætti á fundinn og upplýsti um athuganir sínar á möguleikum okkar til kyngreiningar á sæði. Hann sagði að búnaður til kyngreiningar væri mjög dýr og greinilegt að sæðingastöðvar í heiminum væru einungis að bjóða upp á kyngreint sæði úr reyndum, hátt dæmum nautum. Hann sagði greinilegt að árangur væri mun lakari en með hefðbundnu sæði því tekið væri fram að nota bæri kyngreint sæði á frjósama gripi. Hann sagði jafnframt að kröfur sem gerðar væru til sæðisins varðandi þéttleika og magn væru þannig að aðeins einstaka sæðistökur hérlendis stæðust þær.

Guðmundur greindi frá því að hann hefði haft samband við Cogent í Bretlandi og fengið þau svör að árangur af kyngreiningu sæðis sem flutt væri landa á milli til kyngreiningar væri með þeim hætti að fyrirtækið byði ekki upp á það lengur.

Málið rætt aðeins frekar og samhljóða álit manna að við núverandi aðstæður væri kyngreining ekki raunhæfur kostur hérlendis vegna óheyrilegs kostnaðar.

6. Önnur mál.

Þorsteinn sagði frá BS-verkefni Baldurs Arnar Samúelssonar sem fjallaði um notkun hjálpartækja við beiðslisgreiningu. Þar kom m.a. fram að það virðist aðeins misbrestur á notkun hreyfiskynjara og athyglisvert að ekki virðist borga sig að nota mörg hjálpartæki heldur einbeita sér að markvissri notkun eins hjálpartækis.

Dómar kúa undan heimanautum teknir til umræðu. Fram kom að sú ákvörðun að taka gjald fyrir dóma á kvígum undan heimanautum hefur valdið ákveðinni óánægju meðal alla vega hluta bænda. Ákveðið að beina því til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins að hætta gjalddöku á dómum kvígna/kúa undan heimanautum. Kæmi í ljós að kostnaður vegna væri verulega íþyngjandi yrði að skoða aukningu fjármuna til þessa þáttar.

Guðmundur sagði örstutt frá nýjungum í Huppu en þar er einkum um að ræða endurbætta frjósemiskýrslu þar sem m.a. er reiknuð FS-tala að norski fyrirmynd. Þá er í takt við óskir margra bænda nú hægt að skrá athugasemdir um einstaka gripi í Huppu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðmundur Jóhannesson

Sigurður Loftsson

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir

Þórarinn Leifsson

Þóroddur Sveinsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 24. apríl 2015.
2. Niðurstöður kynbótamats í nautgriparækt í maí 2015.